

Samkomulag um byggingu tónlistarhúss undirritað



Geir Haarde fjármálaráðherra, Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, Ingibjörg S. Gísladóttir borgarstjóri og Tómas Ingi Olrich undirrita samkomulagið. Hljómlistarmenn í Sinfóníuhljómsveit Íslands fylgjast með.

Ein stærsta stund í íslensku tónlistarlífi rann upp fimmtudaginn 11. apríl 2002 þegar Reykjavíkurborg og ríkisstjórn Íslands undirrituðu samkomulag um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss við Austurhöfnina í miðborg Reykjavíkur.

Samninginn undirrituðu Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fyrir hönd Reykjavíkurborgar og Geir Haarde fjármálaráðherra, Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands.

Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra sagði að samningur ríkis og borgar undirstrikaði áherslur ríkisstjórnarinnar í menningar- og atvinnumálum. Hann sagði að rétt og skylt væri að þakka fyrrverandi menntamálaráðherra Birni Bjarnasyni fyrir hið mikla starf sem hann hefði unnið í þágu verkefnisins. “Tónlistarhúsið á sér breiðan og traustan hóp stuðningsmanna sem hafa myndað með sér samtök. Stjórn þessara samtaka er hér viðstödd, sem samnefnari allra þeirra sem unnið hafa að þessu máli, og vil ég færa henni innilegar þakkir fyrir mikilvægt starf”.

Tómas sagði enn fremur að samstarf ríkis og borgar um þetta málefni hefði verið með ágætum og færði borgarstjóra og borgarstjórn allri bestu þakkir fyrir samstarfið. Hann sagði að verkefnið kostaði

vissulega mikið en fjárfestingin myndi skila sér í framtíðinni til að mynda í ferðamannaíðnaði sem væri í örum vexti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir líkti þeim framkvæmdum sem stjórnvöld hefðu nú staðfest með undirskrift sinni við hafnarframkvæmdir í Reykjavík við upphaf síðustu aldar því þær framkvæmdir hefðu verið mikilvægur þáttur í að móta og styrkja atvinnulíf landsmanna inn í tuttugustu öldina. Bygging tónlistar- og ráðstefnuhúss væri tákn um nýja tíma og stefnu í atvinnumálum landsmanna og um væri að ræða arðbæra fjárfestingu sem myndi skila margföldum virðisauka á komandi árum. Hún sagði að loks væri niðurstaða fengin í málefnum tónlistarhúss og fátt gæti úr þessu komið í veg fyrir byggingu hússins. Hún þakkaði ríkisstjórn Íslands og starfsmönnum Reykjavíkurborgar fyrir frábært samstarf svo og fyrrverandi menntamálaráðherra Birni Bjarnasyni, en um málefni tónlistarhúss hefðu þau átt gott samstarf. Sömuleiðis þakkaði hún Vladimir Ashkenazy fyrir hvatningu hans og hlýhug í garð íslensks tónlistarlífs og það væri henni mikil ánægja að geta undirritað samkomulagið að honum viðstöddum.

Sigurgeir Sigmundsson

Á fimmta tug þátttakenda sendu inn tillögur í samkeppni um skipulag hafnarsvæðisins og miðborgar Reykjavíkur.

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá landsmönnum að á síðastliðnu ári var haldin hugmyndasamkeppni um skipulag miðborgar



Ingibjörg S. Gísladóttir borgarstjóri og Stefán P. Eggertsson formaður Samtaka um tónlistarhús skoða verðlaunahugmyndina

Reykjavíkur og hafnarsvæðisins við Austurhöfn. Að samkeppninni stóð Samstarfsnefnd ríkis og borgar um tónlistarhús, ráðstefnumiðstöð og hótél hér eftir nefnt TRH. Keppnin sem var alþjóðleg og öllum opin var auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og hófst 13. júní og var síðasti skiladagur 5. nóvember 2001.

Í ávarpi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur formanns dómnefndar kemur fram að áratugadraumur tónlistaráhugamanna um tónlistarhús hafi aldrei verið nær því að rætast þar sem að ríki og borg hefðu nú sameinast um staðsetningu TRH í miðbænum og enn fremur væru stjórnvöld nú tilbúin til þess að leggja fram það fjármagn sem skort hefði til verkefnisins til þessa og m.a. hefði orðið til þess að tónlistarhús reis ekki í Laugardalnum eins og fyrr hafði verið áformað.

Meginmarkmið hugmyndasamkeppninnar voru að leita hugmynda um bestu lausnir á skipulagi hafnarsvæðisins og að laða fram hugmyndir um hvernig það gæti litið út. Með samkeppninni var leitað leiða til þess að veita flestum tækifæri á að hafa áhrif á skipulag svæðisins, fá sem flestar hugmyndir um hlutverk og nýtingu þess og fá aðila að málinu sem hægt væri að leita til á síðari stigum málsins.

Keppnin sem áður sagði var auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu var einnig kynnt á slóðinni www.midborg.net og var áhugi almennings mikill

og margir sem heimsóttu og kynntu sér upplýsinga- og kynningarsíðuna enda bárust 44 tillögur til umfjöllunar fyrir dómnefndina sem hóf störf 14. nóvember s.l. Við mat á innsendum lausnum hafði dómnefndin að leiðarljósi að tillögurnar miðuðu að því að tryggja góð og eðlileg tengsl hafnar og TRH við miðborgina um leið og heildaryfirbragð og ásýnd miðborgarinnar væri styrkt. Að tillögurnar mynduðu sterka umgjörð um fjölbreytta verslunar-, þjónustu- og menningarstarfsemi miðborgarinnar sem laðaði til sín gangandi vegfarendur á ýmsum tímum dagsins. Horft var til þess hvernig innbyrðis samspil bygginga yrði háttáð og að nýjar byggingar mynduðu eðlileg tengsl við þær byggingar sem fyrir væru. Enn fremur var leitað lausna á bílastæðamálum, gatnakerfi og að tillögurnar væru raunhæfar í fjárhagslegu tilliti.

Tillaga frá Alark arkitektum í Danmörku en í sigurhópnum voru einnig íslensku arkitektarnir Kristján Ásgeirsson og Jakob E. Lindal hlaut 1. verðlaun.



Verðlaunahafarnir sigurreifir ásamt Ingibjörgu S. Gísladóttur borgarstjóra sem tilkynnti niðurstöður dómnefndar.

Það var mat dómnefndar að höfundum hafi tekist að skapa formræna heild í tillögunni og tekist að leysa það erfiða verkefni sem snýr að TRH og legu þess gagnvart miðborginni og byggð austan Lækjargötu.

Hugmyndasamkeppni Reykjavíkurborgar um skipulag lóðar og nánasta umhverfis á miðborgar- og hafnarsvæðinu, sem fram fór í samvinnu við nefnd um tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð, er liður í undirbúningi verkefnis þessa. Gert er ráð fyrir að þær hugmyndir sem viðurkenningu fengu muni fylgja útboðsgögnum vegna einkaframkvæmdarútboðs til að gefa vísbendingu um vilja borgaryfirvalda varðandi skipulag og uppbyggingu svæðisins. Tillögurnar eru þó ekki bindandi.

Samantekið af Sigurgeiri Sigmundssyni

Úrdráttur úr samkomulagi ríkis og borgar

Aðilar samkomulags þessa eru ásáttir um að láta byggja tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð (TR) við Austurhöfn Reykjavíkurhafnar.

Samkomulag þetta byggir á undirbúningsvinnu sem fram hefur farið og bendir til að hagkvæmni felist í því að reka tónlistarhús í tengslum við ráðstefnumiðstöð og hótél. Gert er ráð fyrir að bygging og rekstur TR verði boðið út sem einkaframkvæmd. Verkið felur í sér byggingu tónlistarhúss, ráðstefnumiðstöðvar og hótels (TRH) ásamt tilheyrandi bílastæðum.

Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að hönnun taki mið af því að tónlistarhúsið og ráðstefnumiðstöðin muni rúma eftirfarandi:

- ◆ Sérhannaðan tónleikasal í háum gæðaflokki fyrir um 1.500 áheyrendur.
- ◆ Sérhannaðan sal til ráðstefnuhalds sem rúmi um 500 manns.
- ◆ Æfinga- og tónleikasal sem rúmar 450 áheyrendur á tónleikum.
- ◆ Aðstöðu listamanna og skrifstofur Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
- ◆ Um 16 smærri funda- og ráðstefnurými.
- ◆ Reiknað er með að samanlögð stærð tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar verði um 15.000 m².

Aðilar stefna að því að fá rekstraraðila og fjárfesti að hóteli er risi í tengslum við ráðstefnumiðstöðina og tónlistarhúsið.

Gert er ráð fyrir að þörf fyrir bílastæði vegna starfsemi TRH sé um 870 stæði að kvöldi til en 370 að degi til. Þá er talið að skortur sé á bílastæðum fyrir miðborgina. Mun Bílastæðasjóður Reykjavíkurborgar bera kostnað af 250 stæðum vegna miðborgar, annaðhvort sem hluta af þessu verkefni eða með sjálfstæðri framkvæmd. Vegna stæða í næsta nágrenni TRH sem nýta má betur að kvöldi til, og vegna samnýtingar stæða fyrir TRH og miðborg er þó miðað við að nægjanlegt sé að TRH beri kostnað af 550 bílastæðum.

Stefnt skal að því að TR verði boðið út sem einkaframkvæmd. Í því felst að einkaaðili mun annast hönnun, byggingu, fjármögnun og rekstur mannvirkja. Reynist einkaframkvæmdaraðferðin ekki fær munu samningsaðilar beita sér fyrir laus verkefnisins eftir öðrum leiðum.

Samningsaðilar skipa sérstaka verkefnisstjórn með þremur fulltrúum frá hvorum aðila. Hlutverk verkefnisstjórnar er að sjá um og undirbúa útboð verksins, hafa umsjón með útboði, meta innsend

tilboð, sjá um gerð samnings við einkaframkvæmdaraðila og hafa eftirlit með efndum og framkvæmd samnings. Verkefnisstjórnin skal starfa þar til tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð hafa verið starfrækt í eitt ár

Verkefnisstjórnin ber ábyrgð á að gætt sé samráðs og samvinnu við skipulags- og byggingaryfirvöld í Reykjavík við undirbúning og framkvæmd verksins.

Samningsaðilar eru ásáttir um að leggja til grundvallar samkomulagi þessu eftirfarandi stofnkostnaðaráætlun sem tekur til tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar, auk hótels, lóðar og bílastæða. (Verðlag í janúar 2002).

Tónlistarhús	
og ráðstefnumiðstöð3.900 mkr
Bílastæði840 “
Lóð320 “
Fjármagnskostnaður	
á byggingartíma400 “
Ófyrirséð500 “
Alls5.960 ”

Samningsaðilar eru ásáttir um eftirfarandi kostnaðarskiptingu vegna hlutdeildar þeirra í verkinu.

Hlutdeild ríkissjóðs: 54%

Hlutdeild Reykjavíkurborgar: 46%.

Stefnt er að einkaframkvæmdarútboði í lok þessa árs og að verkframkvæmdir geti hafist í ársbyrjun 2004.

Samantekið af Sigurgeiri Sigmundssyni


Útgefandi: Samtök um tónlistarhús
Ritstjórn: Stefán P. Eggertsson og Sigurgeir Sigmundsson
Hönnun og umbrot: Sigurgeir Sigmundsson
Myndir á bls. 2-3: Jón Svavarsson
Mynd á forsiðu: Brynjar Gauti Sveinsson
Prentun: Stafrænt leturprent
Pökkun og frágangur: Hæfingarstöðin Bjarkarás

Aðalfundur
Samtaka um tónlistarhús verður
haldinn miðvikudaginn 24. apríl n.k.
kl: 17:00 í fundarsal FÍH,
Rauðagerði 27.

Dagskrá samkvæmt félagslögum

Stjórnin

Framvinduáætlun



Tónlistarhús fyrir alla tónlist

Tónlistarhús í Reykjavík er hannað fyrir allar tegundir tónlistar og hafa eftirfarandi eftirfarandi áætlanir verið gerðar um nýtingu stærri salarins sem sömuleiðis verður heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Eins og meðfylgjandi tafla sýnir er um fjölbreytta notkun að ræða og er gert ráð fyrir allt að 190 tónleikum árlega.

Tónleikar SÍ	Fjöldi
Áskriftartónleikar.....	34
Sérstakir tónleikar.....	6
Konsertuppfærslur á óperum.....	2
Nemendatónleikar.....	11
Samtals tónleikar SÍ.....	53
Útleiga	
Listahátíð í RVK.....	20
Einsöngstónleikar.....	7
Kórtónleikar.....	37
Nemendatónleikar.....	3
Lúðarsveitatónleikar.....	8
Danssýningar.....	8
Popp/rokkatónleikar.....	16
Jazztónleikar.....	5
Ýmsir tónleikar.....	3
Samtals útleiga.....	107
Tónleikar á vegum hússins.....	30
Árlegur fj. tónleika í tónlistarhúsi.....	190

Aðstaða fyrir gestasýningar

Í umræðu sem átt hefur sér stað að undanfögnu hefur komið fram að vilji er að hálfu ríkisins að hafa hljómsveitargryfju og ljósabúnað, þannig að hægt verði að setja þar upp gestasýningar af ýmsu tagi.

Minningarkort Samtaka um tónlistarhús

Samtök um tónlistarhús hafa um árabíl sent minningarkort fyrir þá sem að þess hafa óskað. Við hvetjum fólk eindregið til þess að minnast látinna ástvina og styrkja um leið byggingu tónlistarhúss í Reykjavík. Móttaka skeyta er á skrifstofu samtakanna í síma 553-9277 milli kl. 09:00 - 17:00.